

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/737
komudagur 14.12.2009

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **14.12.2009**
Málsnúmer: **EVR09100102**
Bréfalykill: **3.1**

Efni: **Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta**

Viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir minnisblaði um nánari skýringar á hugtökunum peningamarkaðsinnlán (fixed deposits) og heildsölulán (whole sale deposits).

Áður en lengra er haldið er þó rétt að gera þann fyrirvara að jafnvel innan fjármálafyrirtækja hefur ekki verið fullt samræmi í notkun þessara hugtaka.

Það er megininkenni innstæðna að banki móttækur fjármuni frá viðskiptavini í því skyni að endurlána þá eða nýta til fjárfestinga. Innlán er í eðli sínu ekki annað en lán þar sem innstæðueigandi lætur af hendi fjármagn til bankans, sem þeim síðargreinda er heimilt að ráðstafa að vild, gegn því að fjármagnið verði endurgreitt innstæðueigandanum síðar ásamt umsömdum vöxtum. Þegar um er að ræða hefðbundna lánveitingu er meginreglan sú að í slíkum samningum aðila er t.a.m. kveðið á um tryggingar, vanefndir o.fl.

Fjöldi fjármálaafurða er að finna á markaðnum og eru heildsöluinnlán og peningamarkaðsinnlán aðeins hluti að þeim sem í boði eru. Þar er einnig að finna ýmsar gerðir bundinna reikninga og mismunandi sparnaðarmöguleika.

Innlán/innstæða (deposit).

Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir er innstæða skilgreind sem inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og millifærsla, í hefðbundinni almennri bankastarfsemi sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum.

Einkenni hefðbundinna innstæðna er að það er fyrirbyggjandi **almennur samningur** um vexti og annað og innlánsstofnun er skylt að endurgreiða innstæðu að hluta eða öllu að kröfu viðskiptamanns án ástæðulauss dráttar (*e. on demand*).

Peningamarkaðsinnlán (e. fixed deposits, "money market lán")

Peningamarkaðsinnlán tiltekur að ákveðin og umsamin fjárhæð er lögð er inn hjá fjármálafyrirtæki og er hún síðan endurgreidd á fyrirfram ákveðnum tíma með nánar tilgreindum vöxtum. Einkenni þeirra er að **sérstakur samningur** er gerður á milli aðila þar sem vextir og gjalddagi er fyrirfram ákveðinn.

Þessi innlán hafa þróast í starfsemi banka og eru orðin nokkuð veigamikill þáttur í fjármögnun banka, þá sérstaklega til skamms tíma. Slík samningsform hafa verið kynnt og beitt sem skammtímafjármögnun/-fjárfesting. Peningamarkaðsinnlán standa í sjálfu sér öllum viðskiptavinum

innlánsstofnana til boða en eru ekki kynnt sem almennt sparnaðarform heldur sem fjárfestingarkostur enda er gerð krafa um ákveðin fjárhæðarmörk til þess að viðskiptavinur geti átt kost á slíkum samningi.

Eru peningamarkaðsinnlán því líkari hefðbundnum lánasamningi á milli tveggja aðila en hefðbundnu innláni, þ.e. fjármagnseigandi lánar fjármálafyrirtæki tiltekna fjárhæð til tiltekins tíma og með tilteknum kjörum.

Til fróðleiks er hér viðurkennd skilgreining á peningamarkaðsinnláni:

„Depository institution (such as a bank, credit union, or a finance or insurance company) account that pays higher than savings account interest rates but imposes conditions on the amount, frequency, and/or period of withdrawals. A certificate of deposit (CD) is normally issued only for time deposits.“

Heildsöluinnlán (e. whole sale deposits)

Heildsöluinnlán eru að stærstum hluta til innlán fjármálafyrirtækja, félagasamtaka og stofnana. Í heildsöluinnlánnum felst að banki metur í fyrstu þörf sína fyrir fjármagn með tilliti til þeirra aðstæðna sem ríkja á markaði á hverjum tíma. Þegar þörfin hefur verið metin er jafnan leitað til miðlara á peningamarkaði með tilboð um kjör og tímalengd innlánanna. Miðlarar gera þá gjarnan gagntilboð. Heildsöluinnlán hafa því ekki fasta skilmála sem hugsanlegur innstæðueigandi gengur að, heldur semja aðilarnir um þau kjör sem heildsöluinnlánið á að bera.

Til fróðleiks er hér viðurkennd skilgreining á heildsöluinnláni:

„Wholesale banking refers to banking by institutions who deal with other financial institutions or large firms. They are often contrasted with retail banking which is 'high-street' banking. A wholesale deposit is a deposit with one of these institutions. Merchant banks would usually be considered wholesale banking institutions as they deal only with large firms and other banks and not usually with individual customers.“

Tillögur frumvarpsins um tryggingavernd fyrir peningamarkaðsinnlán og heildsöluinnlán

Eins og gerð hefur verið grein fyrir í minnisblaði ráðuneytisins frá 10. þ.m. er ráð fyrir því gert að peningamarkaðsinnlán og heildsöluinnlán njóti ekki verndar innstæðutryggingakerfisins. Af sjálfu sér leiðir að ekki er greitt iðgjald til tryggingasjóðs vegna þeirra.

Á það hefur verið bent að ýmsar tegundir núverandi safnreikninga kalli á breytt verklag fjármálafyrirtækja ef tryggja eigi að eigendur fjármuna á slíkum reikningum geti notið verndar tryggingakerfisins.

Að mati ráðuneytisins er ekki bæði unnt að afmarka tryggðar innstæður við þá sem eiga rétt á vernd – þ.e. ein kennitala í hverri innlánsstofnun – og jafnframt að tryggja innstæður hvers einstaks eiganda á safnreikningum. Kæmi til þess að reyndi á greiðsluskyldu sjóðsins, er hætta á að töluverðar hreyfingar yrðu á safnreikningum sem aftur mundi skapa vernd fyrir þá sem hefðu áður staðið utan tryggingakerfisins og ekki greitt til sjóðsmyndunar þess. Til þess að tryggja hreinar línur og sanngirni telur ráðuneytið því afar mikilvægt að ekki sé ruglað saman hefðbundnum innstæðum og blönduðum fjárfestingaafurðum.